TVEGGJA WAGONEER-JEPPA NÚ SAKNAÐ

— öðrum var stolið sl. sunnudag

Svo virðist sem Wagoneer-jeppar njóti vinsælda hjá bílaþjófum um þessar mundir. Tveggja bíla er nú saknað og eru þeir báðir af Wagoneer-gerð.

Fyrir utan R-5003 sem saknað hefur verið síðan um miðjan júlí, er nú leitað að Y-6983 sem er af árgerð 1973, blásanseraður, með hvítar rendur á hliðum, á hvítum felgum og breiðum dekkjum. Hann er fjögurra dyra. Jeppinn hvarf frá Borgartúni 24 sl. sunnudag og hefur ekkert til hans spurzt síðan.

R-5003 hefur nú verið týndur í rúmar sex vikur. Hann er fjögurra dyra, dökkbrúnn með ljósri innri klæðningu, af árgerð 1974. Talið er að sézt hafi síðast til hans á Sauðárkróki um miðjan ágúst, en einnig hefur lögreglan fengið ábendingar um ferðir jeppans í Þingvallasveit.

Hvort samband sé á milli hvarfs Wagoneer-jeppanna er ekki vitað. Þeir sem geta gefið einhverjar upplýsingar um hvar þá sé að finna eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það næstu lögreglustöð.

-KMU.



Wagoneer-jepparnir eru báðir svipaðir þessum.



Tvö verkanna á veggjum vinnustofu Jóhannesar Kjarvals. Til vinstri er Lífsins ólgusjór og hitt er Sveitalíf. Hinum megin við dyrnar kemur svo Borgalíf og á veggnum andspænis ólgusjónum er Atvinnulíf. DB-mynd: Einar Ólason.

Heiðmörkin líklega mesta berjaland þessa sumars

— Á stórum svæðum norðanlands hefur lítið sem ekkert fundizt og það sem það var nú ónýtt af frosti

Skjót athugun og fyrirspurnir um berjasprettu í sumar leiðir það helzt í ljós að íbúar á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi notið hvað mestra berja allra landsmanna. Fólk var mjög ánægt með berjasprettuna í Heiðmörk og hefur mikill fjöldi fólks sótt þangað og tínt ber og sumir mikið. Þess veit DB dæmi að fólk tíndi 5 lítra af bláberjum, stórum og góðum, á tiltölulega stuttum tíma í Heiðmörkinni fyrir skemmstu.

Um helgina var fjöldi fólks enn við berjatínslu þar og voru menn sæmilega ánægðir með það sem þeir fengu. Þó fannst á laugardaginn að berin höfðu orðið fyrir vægu næturfrosti og fannst það á bragði þeirra og útliti.

Haft var samband við Stóra-Botn í Hvalfirði og þar hafði fólk ekki af berjum að segja. Þar er tínsla ekki leyfð ,,enda er hér ekkert að tína" sagði kona er fyrir svörum varð. ,,Berin hurfu héðan eitt óþurrkasumar og hafa ekki sézt hér í neinum mæli síðustu árin."

Blaðamaður DB, sem í síðustu viku dvaldi í Skagafirði og Vatnsdal, leitað allmikið berja og spurðist fyrir um þau. Hvorki eigin leit né fyrirspurnir báru árangur.

,,Það er lítið um ber hér á Norðausturlandinu og það litla sem það var hefur sennilega eyðilagzt í frostinu í nótt," sagði berjavinkona DB á Húsavík í gær. ,,Það var mikið frost hér í nótt, það mikið að ekki hefur þiðnað af pollum nú um hádegi á mánudag."

Þessi vinkona okkar sagði að finna hefði mátt ber á stöku stað, en það hefði bæði verið lítið og smátt. Nefndi hún tvo staði, efst í Svartastaðanúp (í Öxarfirði) og á Tjörnesi. — Fyrst þessi berjakona okkar á Húsavík hefur ekki komizt í ber er óhætt að fullyrða að þau hafa ekki verið nema sjaldgæf í grennd við Húsavík.

-A.St. / A.Bj.

Jakob og Þursarnir í Eyjum

— tónleikar í samkomuhúsi staðarins

Þursaflokkurinn, sem á undanförnu hefur verið á yfirreið um landið, heldur hljómleika á morgun kl. 21 í samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Ekki aðeins munu Þursarnir koma fram heldur einnig hljómsveit Jakobs Magnússonar sem hefur skamma viðdvöl hérlendis á leið sinni til Evrópu. Vafalítið verða tónleikar þessir vel sóttir enda ekki á hverjum degi sem jafnfærir hljómlistarmenn eru á ferðinni í Eyjum. SSv

Vinnustofa Kjarvals er sýnd á Kjarvalsstöðum

— einn veggurinn er þó enn í viðgerð í Kaupmannahöfn

Það var einhvern góðan veðurdag á árinu 1934 að Jóhannes Kjarval kallaði til fólks á Austurvelli að hann hefði opnað sýningu í vinnustofu sinni. Hann var þá orðinn peningalítill og átti ekki fyrir litum. Listaverkin sem hann sýndi að þessu sinni voru máluð á veggi vinnustofu hans.

Þrír af þessum fjórum veggjum eru nú til sýnis í austursal Kjarvalsstaða. Þeir komu til landsins úr viðgerð fyrir þremur vikum. Verkin voru send til listaverkaviðgerðaskóla Sten Bjernhof. þar sem gerðar hafa verið á þeim miklar endurbætur.

Vinnustofa Kjarvals var til húsa í Austurstræti 12. Listasafn Íslands fékk húsið í arf og hafði við það makaskipti við Framsóknarflokkinn. Guðmundur Axelsson í Klausturhólum keypti síðan listaverkin af erfingjum Kjarvals eftir talsvert rifrildi milli þeirra og Framsóknarflokksins um hverjum þau tilheyrðu. Það eru Klausturhólar sem standa fyrir sýningunni að Kjarvalsstöðum.

,,Vinnustofan er uppistaðan í þessari sýningu," sagði Halldór Runólfsson hjá Klausturhólum þegar blaðamenn litu við á Kjarvalsstöðum í gær. ,,Einnig eru þarna myndir eftir Jóhannes Kjarval frá þeim tíma sem hann var með vinnustofuna í Austurstræti 12. Sömuleiðis sýnum við hér myndir samtímamanna Kjarvals, þeirra Blönals, Ásgríms og Jóns Stefánssonar."

Verkið sem Jóhannes Kjarval málaði á veggi vinnustofu sinnar nefnist í heild Lífshlaupið. Á veggjunum þremur, sem eru sýndir á Kjarvalsstöðum nú, eru fjögur verk. Þau kallast Lífsins ólgusjór, Sveitalíf, Borgalíf og Atvinnulíf.

,,Á fjórða veggnum eru þrjú verk til viðbótar," sagði Halldór Runólfsson. „Mér er ekki kunnugt um nöfnin á þeim. Á einu eru víkingaskip en tvö voru svo illa farin er þau voru send til Sten Bjernhof í Kaupmannahöfn að ómögulegt var að greina hvað var á þeim." Húsið hafði lekið og vatnið skemmt verkin svona mikið."

Sýningin í austursal Kjarvalsstaða verður opnuð í dag klukkan tvö. Hún verður opin í hálfan mánuð.

-ÁT-

Fögnum umræðu um siðareglur lögmanna

— og jafnvel endurskoðun þeirra, segja eigendur Lögheimtunnar

Lögmennirnir Ásgeir Thoroddsen og Ingólfur Hjartarson hafa óskað eftir birtingu á eftirfarandi athugasemd vegna fréttar með fyrirsögninni ,,Hlutu dóm og sekt fyrir brot á siðareglum lögmanna" í Dagblaðinu sl. föstudag, 4. september:

„Í Dagblaðinu sl. föstudag er sagt frá því að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi fyrr á þessu ári kveðið upp sektardóm yfir nýlegu fyrirtæki er lögmennirnir Ásgeir Thoroddsen og Ingólfur Hjartarson stofnuðu til og nefndu Lögheimtuna. Hafi dómurinn verið kveðinn upp vegna þess að stjórn Lögmannafélagsins taldi að auglýsingar, sem umrætt fyrirtæki hafði sent út í umburðarbréfum til fyrirtækja, brytu í bága við siðareglur Lögmannafélags Íslands.

Vegna þessarar fréttar teljum við rétt að skýra í nokkrum orðum frá þeim ágreiningi sem orðið hefur milli stjórnar Lögmannafélagsins og Lögheimtunnar hf.

Með stofnun Lögheimtunnar h.f. fyrir rúmlega ári síðan var farið inn á nýjar brautir hér á landi í innheimtu vanskilaskulda og annarrar innheimtu, m.a. með notkun tölvukerfis. Þessari nýjung Lögheimtunnar hefur verið mjög vel tekið og nýta nú yfir 100 fyrirtæki og stofnanir sér þjónustu Lögheimtunnar.

Siðareglur Lögmannafélags Íslands hvað varðar kynningu á starfsemi sem lögmenn eru aðilar að eru efnislega mjög svipaðar siðareglum lögmannafélaga á Norðurlöndum, enda hafa reglur íslenska lögmannafélagsins væntanlega í upphafi verið að verulegu leyti eftir þeim sniðnar.

Því var það að áður en Lögheimtan hf. var stofnuð fórum við til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og könnuðum rekstur hliðstæðra fyrirtækja, svokallaðra ,,inkasso" fyrirtækja og tengsl þeirra við lögmenn og lögmannsstofur. Kom þá fram að þessi fyrirtæki eru þar yfirleitt rekin í beinum eða óbeinum tengslum við lögmenn og t.d. í Noregi hefur það orðið ofan á að lögmannafélagið norska viðurkennir viss innheimtufyrirtæki og er þá áskilið að lögmaður standi að fyrirtækinu. Einnig kom fram að innheimtufyrirtækin á Norðurlöndum kynna þjónustu sína í bæklingum og auglýsingum.

Þegar ágreiningur Lögmannafélagsins og Lögheimtunnar um túlkun á siðareglum félagsins hófst hvöttum við til þess að stjórn Lögmannafélagsins aflaði upplýsinga frá systurfélögum sínum á Norðurlöndunum þar sem þetta vandamál hafði áður komið upp og verið á því tekið. Einnig nefndum við að tímabært gæti verið að kanna hvort setja ætti löggjöf um þessa starfsemi og ákveða strangari skilyrði fyrir rekstri innheimtufyrirtækja en er nú fyrir rekstri fyrirtækja almennt vegna mikils fjárstreymis sem um slík fyrirtæki renna og kæmu þá jafnframt til greina ákvæði um aðskilda reikninga, upplýsinga- og trúnaðarskyldu starfsmanna og opinbera leyfisveitingu fyrir slíkri starfsemi. Er ljóst að hér er um töluvert vandamál að ræða í ljósi gildandi siðareglna og má t.d. minna á að lögmenn auglýsa sig daglega á síðum dagblaða í sambandi við fasteignasölur og auglýsa jafnframt á síðum dagblaða framtals- og skattaþjónustu sína. Við fögnum því þeim ummælum formanns Lögmannafélagsins að siðareglurnar muni koma til umræðu og jafnvel endurskoðunar nú á næstunni.

Rétt er að taka skýrt fram, að Lögheimtan h.f. býður innheimtuþjónustu sína án nokkurra skilyrða eða óska um að undirritaðir lögmenn fari með lögfræðistörf fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Við viljum ítreka að við óskum eftir því að geta átt samleið með stjórn Lögmannafélagsins og eigum ekki von á því að stjórn félagsins komi til með að reyna að standa gegn eðlilegri framþróun og framförum á þessu sviði."

AUGLÝSING

Tilkynning til íbúa á Akranesi

Vegna gerlamengunar í vatnsbóli Akurnesinga er fólki ráðlagt að sjóða allt neysluvatn fyrst um sinn.

Heilbrigðisnefnd Akraness,
Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

Áskriftarsími
Eldhúsbókarinnar
24666
ELDHÚSBÓKIN
Freyjugötu 14